

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 261 5. júní 1991,
um tollverð notaðra ökutækja.**

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sé ökutæki svo laskað, að það þarfnist verulegrar viðgerðar til þess að komast í ökuhæft ástand og ætla má að viðgerð kosti þriðjung eða meira af söluverði ökutækis af sömu eða sams konar tegund hér á landi, getur tollyfirvald heimilað að ökutækid verði metið til tolls samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun eða, telji tollyfirvald að ákvörðun tollverðs sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna, látið mat fara fram á kostnað innflytjanda án dómskvaðningar. Um matið skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1991.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987,
um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum sem flokkast undir vörulið 8703 skal lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 3.-5. mgr.:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald í %
I	0 - 700	0 - 1.000	16
II	701 - 800	1.001 - 1.300	24
III	801 - 900	1.301 - 1.600	31
IV	901 - 1.100	1.601 - 2.000	38
V	1.101 - 1.300	2.001 - 2.300	50
VI	1.301 - 1.500	2.301 - 3.000	65
VII	> 1.500	> 3.000	77

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.